

1871.

24. júlí.

tonnelades, og voru þess vegna borgaðir 283 rd. fyrir leiðarbréfið. Þegar verið var að afgreiða skipið til burtfarar, sýndi skipstjórnarmaður enskt mælingarbréf, gefið út 2. ágústm. 1869 í *Sunderland*, en eftir því var rúmmál skipsins aðeins 245,21 *registertons*, og heimtaði hann samkvæmt þessu að fá borgaða aptur 38 rd. Stiftamtíð skaut þá málinu til úrslita dómsmálastjórnarinnar, en með því búið var að telja upphæðina með tekjum ríkissjóðsins, og það varð að lenda á honum, ef nokkuð yrði borgað aptur af gjaldinu, sendi dómsmálastjórnin fjárhagsstjórninni málið, og hefir hún nú mælt til, að ráðstafanir verði gjörðar til þess, að tæðir 38 rd. verði borgaðir hlutaðeiganda aptur.

Útaf þessu mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin vili gjöra svo vel, að sjá um, að hlutaðeigandi fái aptur þetta fè, sem vèr höfum í dag hlutast til um, að verði borgað úr aðalféhirzlu ríkisins hèr í bænum.

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjald fyrir leiðarbréf handa skipi.

24. júlí.

Eftir að dómsmálastjórnin hafði sent fjárhagsstjórninni til úrslita bænarskrá nokkra, sem hingað hafði borizt með bréfi amtsins, dagsettu 24. febr. þ. á., — en þar hefir kaupmaður C. D. Túliníus á Eskifirði sókt um, að 19 rd., sem hann þykist hafa borgað um of í gjald fyrir leiðarbréf handa skipinu *Otto* sumarið 1869, verði borgaðir sèr aptur, — hefir fjárhagsstjórnin í bréfi 10. þ. m. skýrt frá, að hún eftir atvikum leyfi, að upphæðin verði borgan aptur, einsog sókt var um.

Um leið og vèr gefum yður þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeiganda, skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógetanum á Íslandi það, sem þarf, til þess að fèð verði borgað úr jarðabókarsjóðnum.